

## Akraneskaupstaður



Skjal nr.	Mótt. af	Mótt. dags.
1.0	ahj	23.04.'24
Ábm.	Úrv.aðili	Málsnr. One
H/3	StA	24042324

Akraneskaupstaður  
b.t. Bæjarráðs  
og Haraldar Benediktssonar bæjarstjóra

Akranesi, 22 apríl 2024

### Efni: Skólabraut 9, Gamli lõnskólinn - Skil á húsinu

Akraneskirkja fékk húsnæðið afhent frá Akraneskaupstað með gjafaafsali þann 23. apríl 2008.

Húsið var afhent með kvöldum sem taldar eru upp í afsalinu sem fylgir hér með í gögnum. Frá árinu 2008 hefur kirkjan einkum nýtt húsnæðið fyrir barna- og unglingsastarf sem fer fram yfir veturinn og nokkrar vikur á sumrin þegar hið vinsæla ævintýranámskeið er haldið. Þá hefur húsnæðið einnig nýst vel við fjölmennar útfarir þegar bæta þarf við sætum. Húsið hefur verið notað fyrir ýmsa aðra viðburði og fjölbeytta starfsemi kirkjunnar. Í húsnæðinu er einnig þvottahús fyrir kirkjuna og geymslur. Margir hafa einnig sótt í að halda viðburði í húsinu, svo sem listasýningar og tónleika. Húsið hefur því verið vel nýtt af kirkjunni og fleiri haft afnot af húsinu, íbúum bæjarins til ánægjuauka.

Akraneskirkja er rekin á sóknargjöldum sem rétt ná að standa undir safnaðarstarfi og daglegum rekstri, sem og viðhaldi kirkjunnar og safnaðarheimilisins. Söfnuðurinn hefur ekki haft bolmagn til að viðhalda húsinu sem skyldi og enn síður tök á að ráðast í þá endurnýjun og lagfæringar sem þörf er á.

Eins og fulltrúar bæjarins hafa séð, er þeir komu að skoða húsið, hefur Gamli lõnskólinn mikið látið á sjá og er farið að leka sem veldur frekara tjóni. Viðhald hússins má því ekki dragast mikið lengur. Ekki hefur verið gerð kostnaðaráætlun vegna viðgerða á Gamla lõnskólanum en ljóst er að þar er um verulegar fjárhæðir að ræða.

Akranesókn sér ekki annan kost í stöðunni en að skila húsinu, en er tilbúin í viðræður um vörlu hússins og samnýtingu ef Akraneskaupstaður sér ávinning af því. Við teljum að að húsið gæti komið sér vel bæði fyrir Akraneskaupstað og kirkjuna. Samnýting beggja aðila gæti hentað vel, þar sem báðir aðilar er oft með viðkvæma hópa af fólk í þjónustu og vantar oft rými þar sem hægt er að vera í næði. Mögulega væri hægt að gefa húsinu fjölbreytt hlutverk ef það yrði endurbætt og lagað.

Nálægð Gamla lönskólans og Safnaðarheimilisins Vinaminnis er mikil og það er kirkjunni í hag að í húsinu sé starfsemi sem fer vel með hlutverki og störfum kirkjunnar.  
Fyrir hönd Akraneskirkju

Ólina Ingibjörg Gunnarsdóttir Anna Kristjánsdóttir Práinn Haraldsson  
Ólina Ingibjörg Gunnarsdóttir Anna Kristjánsdóttir  
Formaður sóknarnefndar skrifstofustjóri sóknarprestur

Meðfylgjandi gögn  
Gjafaafsal ásamt lóðaleigusamningi

# G J A F A A F S A L

Undirritaðir aðilar afsala til fullrar eignar og veita viðtöku neðangreindum eignum, með þeim skilmálum, er í afsalsbréfi þessu greinir:

**Afsalsgjafi:** Akraneskaupstaður, kt. 410169-4449, Stillholti 16-18 Akranesi.

**Afsalshafi:** Akraneskirkja, kt. 410169-5849, Skólabraut 13, Akranesi.

**Hið afsalaða:** Fasteiginin Skólabraut 9, Akranesi, (Gamli lõnskólinn) ásamt leigulóðarréttindum 999 m<sup>2</sup> lóðar sem fylgir húsinu sbr. lóðarleigusamning þar um sem undirritaður er samhliða afsali þessu. Landnúmer hússins er 132068 og fastanúmer 210-1965. Húsið er byggt árið 1912. Lóðin er leigulóð og í heild sinni 999 m<sup>2</sup> að stærð eftir sameiningu við lóðina Vesturgötu 60.

**Fasteignamat:** Lóðin Skólabraut 9 (eftir sameiningu) kr. 2.015.000.-  
Skólabraut 9, hús: kr. 18.750.000.-  
Samtals: kr. 20.765.000.-

**Söluverð:** Um er að ræða gjöf frá Akraneskaupstað til Akraneskirkju til nota á húsnæðinu undir starfsemi kirkjunnar og félagsstarfsemi á hennar vegum. Ekki er lagt verðmat á gjöfina.

**Kvaðir:** Eftirfarandi kvaðir eru áskildar af hálfu Akraneskaupstaðar og fylgja gjöfinni.

- Húsnæðið verði notað undir starfsemi Akraneskirkju.
- Viðhald húss og lóðar verði með sama hætti og er á öðrum eignum kirkjunnar.
- Hafi Akraneskirkja ekki lengur not fyrir húsnæðið skal því skilað aftur ásamt lóð til Akraneskaupstaðar án endurgjalds.
- Óheimilt er að veðsetja húsið fyrir lántökum eða öðrum kvöðum.

**Áhvílandi  
veðskuldir:** Engar.

6.5.08

KR/984

STAMPLOGLAÐI

## Ásigkomulag og

**Eldri skilmálar:** Afsalshafi hefur skoðað eignina og tekur við henni í því ásigkomulagi sem hún er í og hann sættir sig við í alla staði.

**Afhending:** Afhending hins selda fer fram við undirskrift.

**Arður og Gjöld:** Afsalshafi greiðir alla skatta og gjöld af eigninni og hirðir arð af henni frá afhendingardegi. Akraneskaupstaður greiðir þinglýsingargjald af afsali þessu, sbr. 94. gr. laga nr. 86/1988 með síðari breytingum.

Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Vesturlands.

Öllu framanrituðu til staðfestingar rita aðilar nöfn sín á afsalsbréf þetta í votta viðurvist, er staðfesta réttar undirskriftir, rétta dagsetningu og fjárræði aðila.

Akranesi 23. apríl 2008

Afsalsgjafi, f.h. Akraneskaupstaðar

Afsalshafi:

Gísli S. Einarsson  
Gísli S. Einarsson  
Bæjarstjórinn á Akranesi

Akraneskirkja  
Hraðborð Hommessa  
Akraneskirkja.  
Sindr Þ. Valdimarsson

Vottar að rétti dagsetningu,  
undirskrift og fjárræði aðila:

Birna Guðmundsdóttir

270754-3929

190783-3839

Skjal nr.


Móttekið til þinglýsingar 06.05.08

Innfært i þinglýsingabók 07.05.08

Þinglýsingargjald kr. 1350

Stimpilgjald kr. 79840

Alls kr. 81190



Frumrit

## Akraneskaupstaður

### Lóðarleigusamningur

#### Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar gerir kunnugt:

samkvæmt samþykkt bæjarráðs 17. apríl 2008 og síðan bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar, kt. 410169-4449, Stillholti 16-18, Akranesi, þann 22. apríl 2008 hefur neðangreind lóð verið leigð með þeim skilmálum, sem nánar greinir í leigulóðarsamningi þessum.

**Leigutaki: Akraneskirkja, kt. 410169-5849**

**Leigulóð:** Lóðin nr. 9 við Skólabraut og er 999,0 m<sup>2</sup> að stærð.

Mörk og lega lóðar eru sýnd á viðfestu mæliblaði, sem telst hluti af samningi þessum.

**Landnúmer: 132068 Staðgreininúmer: 00086618 Fastanúmer: 210-1965**

**Leigutími:** Lóðin er leigð til 50 ára, samkv. samþykkt bæjarstjórnar, dags. 22. apríl 2008

#### 1.0

Lóðin er leigð til bygginga og/eða annarra mannvirkja samkvæmt deili- og aðalskipulagi Akraneskaupstaðar og þeim skilmálum öðrum er ákveðnir hafa verið af byggingaryfirvöldum kaupstaðarins. Er leigutaka skylt að haga afnot af lóð í samræmi við framangreind fyrirmæli.

#### 2.0

Leigutaki greiðir árlega lóðarleigu sem er **1,5%** af fasteignamatsverði lóðarinnar. Miða ber við fasteignamatsverð eins og það er ákvarðað á ári hverju eftir opinberri skráningu þess samkvæmt lögum og ákvörðun bæjarstjórnar. Bæjarstjórn er heimilt að breyta álagningarreglum um viðmiðun og/eða fjárhæð lóðarleigu um áramót.

#### 2.1

Bæjarstjórn ákveður gjalddaga lóðarleigu. Heimilt er að innheimta lóðarleigu með innheimtu fasteignagjálfa.

#### 2.2

Verði vanskil á greiðslu lóðarleigu ber að greiða dráttarvexti samkvæmt 1.mgr. 6.gr. I.nr. 38/2001 og allan kostnað er af innheimtu leiðir. Leigan nýtur forgangsveðréttar í leiguréttindum leigutaka, húsum og mannvirkjum á lóðinni. Heimilt er að gera fjárnám fyrir gjaldfallinni leigu án dóms eða sáttar samkvæmt 7. tl. 1.mgr. I. nr. 90/1989 eða selja veðið án dóms, sáttar eða aðfarar samkvæmt 2.tl. 1.mgr. 6. gr. I. nr. 90/1991.

#### 3.0

Leigutaka er heimilt að selja og veðsetja leigurétt sinn samkvæmt leigusamningi þessum.

#### 4.0

Telji bæjarstjórn nauðsynlegt er heimilt án endurgjalds að leggja fráveitulagnir, holræsi, raflagnir og aðrar lagnir um lóðina, enda skal lóð færð í samt lag. Spillist lóð eða mannvirkni bætur fyrir samkvæmt samkomulagi eða eftir mati.

